



**Efni: Heimild til að hefja verkefnið Hvirfill 2.0 – uppfærsla og endurbætur á Hvirfli**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið Hvirfill 2.0 – uppfærsla og endurbætur á Hvirfli, m.a. til að betrubæta viðmót og birtingu fyrir notendur og borgarbúa ásamt því tryggja betur rekstrarlegt öryggi. Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025, og tilheyrir stafrænni umbreytingu - hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-HVIRFILL. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2024 – september 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 11 m.kr., þar af tilheyra 6,5 m.kr. eignasjóði og 4,5 m.kr. í rekstrarkostnað á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



### Greinargerð:

Hvirfill er miðlægt viðburðadagatal ætlað íbúum borgarinnar, þar sem birtir eru fjölmargir viðburðir á ársgrundvelli. Þessir viðburðir eru sóttir í gagnagrunn og birtir á ýmsum vefsvæðum borgarinnar. Hvirfill 2.0 verður sniðinn að þörfum samtímans með tilliti til aukinna krafna um virkni og notagildi ásamt því að bjóða upp á betri birtingarmöguleika í notendaviðmóti. Áhersla verður lögð á aðgengi, sýnileika og samfélagslega þátttöku. Fyrirhugaðar breytingar á Hvirfli eru einnig taldar leiða til talsverðs tímasparnaðar fyrir starfsfólk sem annast umsjón og viðhald kerfisins.

Þær uppfærslur sem þegar hafa verið gerðar á Hvirfli hefur tekist að gera kerfinu kleift að standast álagstoppa eins og Menningarnótt. Kerfið er viðkvæmt fyrir truflunum sökum þess að það samanstendur af tveimur bakendum og einni framendaframsetningu. Eitt af helstu markmiðum verkefnisins Hvirfill 2.0 er að gera Hvirfli kleift að stýra allri birtingu á vefsvæðum borgarinnar, til að auka öryggi kerfisins og gera utanumhald sem og viðmót bæði starfsfólks og notenda betri.

Verkefnið inniheldur einnig m.a. ítarlega endurskoðun á API vefþjónustu, sem annast birtingu viðburða í wagtail bakenda og á reykjavik.is. Einnig er fyrirhugað að flytja Hvirfil yfir í nýja hýsingu Reykjavíkurborgar, sem verður tekin í notkun á árinu 2024. Auk þess er á dagskrá að framkvæma ýmsar endurbætur og lagfæringar sem þörf er á og hafa komið í ljós í tengslum við helstu hátíðir og viðburði sem Hvirfill sinnir.

Einn helsti ávinningur verkefnisins felst í verulegum tímasparnaði og hagræði fyrir starfsfólk. Þetta kemur til af því að með uppfærslu á bakenda Hvirfils þarf starfsfólk t.d. ekki lengur að skrá hvern viðburð tvisvar sinnum inn í mismunandi bakenda. Að auki mun uppfært notendaviðmót ekki aðeins leiða til frekari tímasparnaðar, heldur einnig bæta upplýsingaflæði til notenda. Þessar breytingar munu að endingu stuðla að hagkvæmari og skilvirkari birtingu viðburða á vefsvæði borgarinnar, ásamt því að einfalda tæknilegan rekstur kerfisins marktækt.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 10 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Kostnaðarstaður: 1265 Áhöld, tæki og búnaður á fjárfestingaráætlun 2021-2025 og tilheyrir stafrænni umbreytingu – hugbúnaður og ný upplýsingakerfi / U-HVIRFILL.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Pröstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur